

Fundargerð

11. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum
23. febrúar 2022 klukkan 10:30 í húsnæði Skipulagsstofnunar.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ) og Gauti Jóhannesson (GJ). Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP), Friðfinnur Skaftason (FS) og Jón Björn Hákonarson (JBH) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) boðaði forföll og einnig hennar varamaður, Hreinn Hrafnkelsson.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM), sem ritaði fundargerð.

Brýndís Skúladóttir (BS) frá VSÓ ráðgjöf tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Nýr formaður MJ setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Kynning og umræður um drög að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum.

Svæðisráð fékk þann 17. febrúar send drög að stefnuskjali; *Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022. Vinnslutillaga nr. 2 til umfjöllunar í svæðisráðum.*

EAÁ sagði frá breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020 sem Innviðaráðherra samþykkti 16. febrúar. Þar eru nýtingarflokkar strandsvæðisskipulags festir í sessi.

EAÁ kynnti því næst stefnuskjalið, fór yfir almenna uppbyggingu þess og gerði grein fyrir drögum að stefnu strandsvæðisskipulagsins og útfærslu á skipulagsupprætti og skipulagsákvæðum. Rætt var um skilgreiningu og breidd svæða til siglinga. EAÁ benti á leiðbeiningar norsku stofnunarinnar Kystverket sem sem hafðar eru til hliðsjónar við skipulagsgerðina. Þær geri ráð fyrir því að svæði til siglinga séu almennt 1 km á breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir. Samkvæmt leiðbeiningunum er tilefni til að afmarka breiðari svæði til siglinga þar sem skip stærri en 235 m á lengd og 32m á breidd fara um, en stærstu skip sem koma til Seyðisfjarðar eru stærri. Miðað við leiðbeiningar Kystverket er svigrúm til siglinga í Seyðisfirði takmarkað.

Þá var einnig rætt um samspil svæða skilgreindra til staðbundinnar nýtingar og annarra nýtingarflokka, helgunarsvæði, forgang starfsemi á ákveðnum svæðum og beitingu skipulagsskilmála í samhengi nálægðar við þau svæði og þá starfsemi sem þar fer fram. Rætt var um nálægð staðbundinnar nýtingar við siglingar í sumum fjörðum og ákvæði í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 um að óheimilt er að sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 50 m og stunda veiðar nær þeim en 150m. Skipulagsstofnun skoðar hvort að þörf sé að gera breytingar á afmörkun svæða eða á sértækum skipulagsákvæðum vegna þessa.

Umræður voru um orkuvinnslu og á hafi og hugsanlega þróun næstu ára og áratuga og markmið skipulagsins um slíka nýtingu orku á strandsvæðum. Rætt var um markmið um loftslagsmál og kolefnishlutleysi og lagðar til orðalagsbreytingar þess efnis að skipulagið styðji við loftslagsstefnu stjórnvalda. Viðmið um staðbundna nýtingu innan reita sem skilgreindir eru fyrir almenna nýtingu voru einnig til umfjöllunar. Rætt var um hvort ástæða væri til að setja viðmið um hlutföll slíkrar staðbundinnar nýtingar innan almennu nýtingarinnar. Ekki var talin ástæða til að fastsetja slíkt viðmið.

2. Kynning og umræður um drög að umhverfismati strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

Svæðisráð fékk þann 17. febrúar send drög að umhverfismati; *Umhverfisskýrsla, drög í vinnslu. Vinnugögn til umfjöllunar í svæðisráði.*

BS kynnti drög að umhverfisskýrslu fyrir strandsvæðisskipulag á Austfjörðum. Sagt var frá uppbyggingu skjalsins og hvernig vinnu við umhverfismat í skipulagsferlinu hefði verið háttað og samantekt á umhverfismati á stefnuskjalinu og skipulagsákvæðunum kynnt. Að lokum fjallaði BS stuttlega um samræmi milli svæða í valkostagreiningu.

Fram kom ábending við umfjöllun um náttúruvá, um að hafin væri vinna við hættumat ofanflóða við Stöðvafjörð. Rætt var um nálgun við mat á áhrifum skipulagsins vegna loftslagsbreytinga.

3. Fundir með samráðshóp og sveitar- og hafnarstjórnnum og vinnan framundan.

EAÁ gerði grein fyrir næstu skrefum vinnunnar, það er kynningu á tillögu fyrir sveitar- og hafnarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og samráðshópi og vinnu við tillögugerðina eftir samráðið og þar til svæðisráð samþykkir að auglýsa tillögu. Samþykkt var að kynna tillöguna fyrir sveitar- og hafnarstjórnnum og samráðshóp. Svæðisráð lagði til að haldnir yrðu tveir fundir með sveitar- og hafnarstjórnnum, einn fyrir hvort sveitarfélag. Fundur með samráðshóp verður í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fundir verði haldnir á svæðinu þann 16. mars.

4. Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 13.30.